

Fundargerð

111. stjórnarfundur FHA haldinn 18. febrúar 2019 kl. 12:00

1. Fundargerðir
2. Kjaramál
3. Fundur um gagnagrunn BHM
4. Önnur mál

Fundur settur klukkan 12:00. Mætt eru; Hjördís, Auðbjörg, Helgi, Guðmundur, Stefán og Sía

1. Fundargerðir
 - Fundargerðir samþykktar
2. Kjaramál
 - Hjördís upplýsti stjórnarmenn um stöðuna í kjaramálum. Búið er að undirrita samkomulag um viðræðuáætlun og er næsta skref að ljúka vinnu við kröfugerð. Samráð verður haft við FH um kröfugerðina.
 - Almenn umræða fylgdi í kjölfarið.
3. Fundur um gagnagrunn BHM
 - Georg, hagfræðingur hjá BHM hefur boðist til að koma 19. febrúar og kynna nýja framsetningu á launatöflum og öðru slíku sem nýtast mun okkur í komandi kjarasamningum. Við munum nýta tækifærið og kynna fjarfundalausnir fyrir BHM til að einfalda fundarhald í framtíðinni.
4. Önnur mál
 - Fundartíma breytt yfir á þriðjudaga klukkan 12:30
 - Umræða um matarpeninga.
 - Rætt um starfsþróunarsjóð, hækkun úr 250.000 krónur upp í 400.000 krónur.
 - Lágmarksstarfshlutfall lækkað niður í 49% til að sækja um í starfsþróunarsjóðinn.

Fundi slitið 13:30
Stefán Guðnason